

Stjórn Gæðingadómarafélagsins – Símafundur 23.05.2018 kl 18:00

Mættir: Magnús, Gísli, Helga, Stefán, Ágúst, Ólafur.

Málefni.

1. Drög að samning milli GDLH og Landsmóts
2. Bréf stjórnar Landsmóts til GDLH.
3. Umræða um skipun dómara á Landsmót
4. Nýdómaranámskeið.

1, Stjórninni hafði barist tilboð frá LM um greiðslur til dómara á Landsmóti. Hann er svipaður og fyrir 2 árum en greiðsla hækkuð úr 17 þús í 175 þús.

Almennt eru stjórnarmenn ekki sáttir við samninginn þar sem augljóst er að dómarar muni starfa frá sunnudegi til sunnudags í stað mánudags til laugardags. Einnig er ljóst að dómarar muni dæma í 60 klukkustundir fyrir utan fundi og samræmingarvinnu. 60 tímar myndu samsvara greiðslu upp á 210 þúsund krónur. Einnig bent á að í þessum samning er búið að fella út makamiða inn á Landsmótið. Var því ákveðið að Magnús myndi óska eftir fundi með LM eftir helgina þar sem unnið yrði að ásættanlegri samning.

2. Stjórninni barst bréf frá stjórn LM þar sem óskað er eftir ákveðnum einstaklingi til starfa sem yfirdómari á Landsmóti.

Fundarmenn sammála um að bréfið sé óvenjulegt og óviðeigandi vegna þess að skýrt kemur fram í reglum LH að yfirdómari skuli valinn úr samþykktum dómaraalista. Einnig bendir það til að stjórn LM hafi ekki ráðfært sig við stjórn GDLH varðandi undirbúning, heldur unnið það með viðkomandi aðila án þess að fara í gegnum stjórn GDLH. HC og GG töldu að umræddur aðili væri vel hæfur til starfa sem yfirdómari og töldu það stuðla að sameiningu í félaginu að velja viðkomandi sem Yfirdómara á LM 2018. ÓÁ taldi vinnubrögð stjórnar LM ekki ásættanleg og ekki til að stuðla að sátt um viðkomandi aðila sem yfirdómara. Samþykkt að fara ekki að svara þessu bréfi formlega heldur velja Yfirdómara og Eftirlitsdómara á fundi næstkomandi mánudag.

3. Samtals sóttu 22 einstaklingar um það að dæma Landsmót 2018.

Óhætt að segja að stjórnin þurfi að taka á lúxusvandamáli því 22 hæfir einstaklingar sóttu um að dæma landsmót. Ákveðið var að fara betur í gegnum listann á fundinum næstkomandi mánudag og stjórnarmenn beðnir um að fara vel yfir listann fyrir fundinn og mynda sér skoðanir.

4 Nýdómaranámskeið.

Seinni hluti prófsins verður haldið samhliða/á Gæðingamóti Fáks um helgina. Þar munu þátttakendur dæma nokkur hross í hverjum flokki auk stökkprófs á föstudegi. Fræðslunefnd er smá vandi á höndum þar sem Fákur hefur verið að hræra til í Dagskránni og því eru allir yngri flokkar á föstudeginum.